

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-3/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur vegna viðgerðarkostnaðar á bifreiðinni, en til vara að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 7. febrúar. Með bréfi, dags. 15. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 29. febrúar. Með bréfi, dags. 21. mars, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 4. apríl. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 9. september, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að 9. desember 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda, að eigin sögn fyrir kr. 340.000. Var bifreiðin af gerðinni Hyundai Getz, árgerð 2005, fyrst skráð 30. maí 2005, á kaupdegi hafði bifreiðinni verið ekið 179.000 km. Segir álitsbeiðandi að að samið hafi verið um það við kaupin, að seljandi greiddi fyrir viðgerð á bremsum, jafnvægisstöng, mótör í bílrúðu, mótör afturþurrku, útvegaði ný dekk, sem og varadekk og perur í framljósum. Ekki hafi verið staðið við neitt af þessu utan að seljandi hafi útvegað dekk. Þá tiltekur álitsbeiðandi að rafgeymir sé laus, aldrei hafi verið skiptum bremsudiska bifreiðarinnar, innrétting sé brotin og ónýt, ABS ljós blikki, púðaljós einnig og bensínlok hafi verið fast. Að lokum tekur álitsbeiðandi fram að hún hafi fengið varahluti í bremsur frá seljanda eftir kaupin, en á meðan diskarnir eru af rétttri gerð, séu bremsuborðarnir það ekki. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi skaðabóta vegna yfirvofandi viðgerða, en til vara riftunar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af skoðunarovottorði bifreiðarinnar, dags. 9. desember 2015 og 29. desember 2015, ásamt afriti af ferli bifreiðarinnar úr ökutækjaskrá.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum, rituðum af aðila, vensluðum seljanda, kemur m.a. fram að umrædd bifreið hafi verið staðsett á bifreiðasölu sem ritari andsvara vinnur á. Hann hafi bent álitsbeiðanda á bifreiðina og hafi hún farið með hana í söluskoðun hjá Frumherja. Þar hafi verið gerðar athugasemdir við dekk og bremsudiska og í kjölfarið hafi verið samið um kaupverð, kr. 300.000, auk þess sem seljandi segist hafa keypt og afhent álitsbeiðanda ný dekk, sem og varahluti í bremsur, en álitsbeiðandi sagðist ætla að fá vin sinn til að sjá um að skipta um bremsurnar. Um mánuði eftir kaupin hafi álitsbeiðandi síðan viljað rifta kaupunum, eftir að hafa m.a. farið með bifreiðina í söluskoðun á Aðalskoðun, sem hafi sagt bifreiðina að

hruni komna. Segir seljandi að Aðalskoðun geri ekki söluskoðanir og því geti hann ekki tekið mark á þeim. Tekur seljandi ekki fálega í að hægt sé að rifta kaupunum, ef dregin verði frá endurgreiðslunni leiga vegna afnota álitsbeiðanda á bifreiðinni. Þá kveðst seljandi ekki heldur setja sig á móti því að greiða e-n kostnað vegna viðgerða á bifreiðinni, reiði álitsbeiðandi fram reikninga þar að lútandi.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að bifreiðasalinn, sem jafnframt var venslaður seljanda, hafi við kaupin lofað að skipta um dekk á bifreiðinni, setja nýjar rúðupurrkur að framan og ljósaperur í framljós. Þetta hafi hann ekki staðið við, að frátöldum dekkjunum. Þá kemur fram að álitsbeiðandi telji að seljandi hafi farið rangt með hver hafi verið raunverulegur seljandi bifreiðarinnar og að lokum er tilgreint að við tölvuaflestur á bifreiðinni hafi komið í ljós villa í pústskynjara og villa tengt sviss og lykli.

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 9. desember 2015. Kaupverð skv. kaupsamningi og afsali var kr. 300.000, en álitsbeiðandi virðist þó hafa greitt kr. 340.000 fyrir bifreiðina, án þess að ástæður þess liggja fyrir. Bifreiðin er árgerð 2005 og fyrsti skráningardagur hennar 30. maí 2005. Bifreiðin var því 10 ára og um 6 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 179.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 9. desember 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við

markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Í kaupsamningi og afsali kemur einnig fram að álitsbeiðandi staðfesti að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Það mun álitsbeiðandi hafa gert með því að fara með bifreiðina í skoðun hjá Frumherja á kaupdegi. Í þeirri skoðun kom aðeins framað bremsur væri lélegar, perur vantaði í framljós og rúðupurrkur væru ónýtar. Mun seljandi í kjölfar þessa hafa útvegað álitsbeiðanda ný dekk á bifreiðina, sem og varahluti í bremsur. Deila aðilar þó um það hvort samið var um það við kaupin, en ekkert þar að lútandi kemur fram í kaupsamningi og afsali, eða hvort um hafi verið að ræða eftirfarandi samkomulag. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr., en kærunefndin getur ekki fallist á að þau atriði sem álitsbeiðandi tiltekur sem galla hafi verið þess eðlis að seljandi hafi verið skylt að tilgreina þá sérstaklega við söluna í skilningi ákvæðisins. Þá getur kærunefndin ekki fallist á að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar sem verulegu máli skiptu um bifreiðina í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. Í þessu samhengi getur kærunefndin ekki fallist á að álitsbeiðandi hafi fengið rangar upplýsingar hafi verið gefnar um seljanda bifreiðarinnar, þar sem nafn seljanda kemur fram í kaupsamningi og afsali, sem álitsbeiðandi undirritaði.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Sem fyrr segir lét álitsbeiðandi söluskoða bifreiðina fyrir kaupin og leiddi það í ljós að rúðupurrkur voru ónýtar, bremsur lélegar og perur vantaði í framljós. Engu að síður var gengið frá kaupunum og afhenti álitsbeiðandi seljanda ný dekk og varahluti í bremsur, henni að kostnaðarlausu. Álitsbeiðandi hefur síðan kvartað undan því að ýmislegt annað hafi amað að bifreiðinni. Er þar helst að nefna ástand innréttingar, logandi ljós í mælaborði, bilaður rúðumótor og bilaður rúðupurrkumótor ásamt föstu bensínloki og laskaðri eða bilaðri jafnvægisstöng. Umrædd atriði koma flest fram í söluskoðun sem framkvæmd var eftir kaupin, þ.e. í lok desember 2015. Á meðan kærunefndin telur muninn á söluskoðunum þeim sem framkvæmdar voru fyrir og eftir kaupin, með um tveggja vikna millibili, með ólíkindum og þannig að ef síðari skoðunin er rétt, kastar það miklum efa á að fyrri skoðunin hafi verið framkvæmd með fullnægjandi hætti og til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til seljenda slíkrar þjónustu í skilningi laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Sá aðili er hins vegar ekki aðili að þessu máli, og verður því engin afstaða tekin til þessa. Kærunefndin telur þó að framangreint breyti því ekki að öll þau atriði sem álitsbeiðandi hefur kvartað undan á bifreiðinni, hefði hún ýmist átt að sjá sjálf við kaup á bifreiðinni, eða hefðu átt að sjást við venjubundna sölu- eða ástandsskoðun. Verður því, með vísan til 3. mgr. 16. gr. laganna, að hafna öllum kröfum álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson